

Mál nr. 214/2025**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Frítímaslysátrygging****Tilkynningarfrestur.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 12. júní 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V sem bárust nefndinni með tölvupósti 9. júlí 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 5. ágúst 2025.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins er atvikum lýst með þeim hætti að 28. júlí 2022 hafi M stigið á tvær hellur sem höfðu fallið saman við inngang að íþróttamiðstöð. Við það hafi M tognað illa á hægri ökkla og jafnframt hlotið taugaáverka í fætinum með leiðni upp í hægri mjöðm. Síðan er frá því greint í málskoti að M hafi farið í myndgreiningu á hægri ökkla 15. ágúst 2022 sem hafi ekki sýnt fram á brot. M hafi síðan leitað aftur til heimilislæknis 5. september 2022 þar sem lýst er verkjum í hægri ökkla. Þar hafi hún fengið almennar ráðleggingar og verið tjáð að einkenni hennar myndu ganga til baka með tímanum. M leitaði svo aftur til heimilislæknis 6. febrúar 2024. Segist M þá hafa lýst slysinu og upplýst um að hún hafi fundið fyrir einkennum í ökkla frá slysdegi og að þau færu versnandi. Við skoðun þá hafi hún verið bólgin í ökklanum og verið greind með tognun og ofreynslu á ökkla og ráðlagt að fara í sjúkrabjálfun. V hafi síðan verið upplýst um slysið 28. nóvember 2024. V hafnaði bótaskyldu 7. mars 2025 með vísan í 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga (VSL).

Í málskoti er röksemdafærsla V mótmælt m.a. með þeim rökum að 5. september 2022 hafi heimililæknir sagt við M að einkenni hennar myndu ganga til baka með tímanum. Er því byggt á því í málskotinu að M hafi ekki mátt gera sér grein fyrir því að slysið myndi skilja eftir varanlegar afleiðingar fyrr en við heimsókn hjá heimilislækni 6. febrúar 2024. Er m.a. bent á tiltekna dóma Hæstaréttar og Landsréttar framangreindu til stuðnings. Gerir M því þær kröfur að nefndin staðfesti að ársfrestur samkvæmt 1. mgr. 124. gr. VSL hafi ekki verið liðinn er V var tilkynnt um slysatburð M.

Í fyrirbyggjandi bréfi frá V, dags. 7. mars 2025, hafnar félagið því með vísan í 1. mgr. 124. gr. VSL að M eigi bótarétt úr frítímaslysátryggingu. Bendir V m.a. á að félaginu hafi ekki verið tilkynnt um slysið fyrr en tveimur árum og þremur mánuðum eftir atvikið. Færir V síðan rök fyrir því að M hafi mátt vera afleiðingar slyssins ljósar strax í kjölfar þess og eigi því ekki bótarétt. Þá byggir V á því í athugasemdum sem bárust nefndinni 9. júlí 2025, með vísan í það sem fram kemur í sjúkraskrá M 6. febrúar 2024, að ekki verði séð að M hafi fundið fyrir verkjum frá því að slysið varð. Því telur V að eðlilegt sé að miða tilkynningafrest, væntanlega skv. 1. mgr. 124. gr., við 5. september 2022 en þá hafi M leitaði í annað sinn til læknis eftir slysið. Þar sem tilkynning hafi ekki borist fyrr en 2 árum og 2 mánuðum eftir þann tímapiunkt, sé um of seina tilkynningu að ræða og því engin bótaréttur. Til viðbótar byggir V á því að þar sem M eigi engar komur til læknis vegna meintra áverka á ökkla frá 5. september 2022 til 6. febrúar 2024 og þar sem það liggi fyrir að hún hafi verið orðið góð í ökklanum þarna á milli, sé ósannað að þeir verkir sem hún vísar til í dag verði taldir afleiðingar slyssins frá 2022.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 5. ágúst 2025, er framangreindum rökstuðningi V mótmælt. Þá vekur M athygli á því að það sé ekkert sem bendi til þess að M hafi mátt gera sér grein fyrir því að líkamstjón hennar yrði varanlegt við komu hennar til heimilislæknis 5. september 2022, um 6 vikum eftir slysdag. Þá mótmælir M því sérstaklega að gögn málsins bendi til þess að M hafi jafnað sig að fullu á tímabilinu september 2022 til 6. febrúar 2024. Í því sambandi bendir M á að í komunótu frá heilsugæslu 6. febrúar 2024 sé skráð að ástand ökkla M hafi skánað („it got better“). Telur M óeðlilegt að túlka þessi orð með þeim hætti að einkenni hennar hafi gengið til baka að öllu leiti. Þá bendir M á að höfnun V hafi byggt á því að tilkynningafrestur hafi verið liðinn. Ágreiningurinn snú því ekki að því hvort orsakatengsl teljist sönnuð milli núverandi einkenna M og slysatburðarins. Að lokum leggur M áherslu á þá skoðun sína að tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. VSL hafi ekki verið liðinn þann 25. nóvember 2024.

Álit.

Ágreiningur aðila snýr aðallega að því við hvaða tímamark eigi að miða upphaf tilkynningarfrests samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga og hvort M hafi glatað rétti til bóta úr frítímaslysstryggingu hjá V, þar sem tilkynning um slysið hafi ekki borist V innan tilskilins frests. Samkvæmt ákvæðinu glatar sá, sem rétt á til bóta samkvæmt slysstryggingu, þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til viðkomandi váttryggingafélags innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á eða því hefur ekki borist tilkynning um váttryggingaratburð með öðrum hætti. Af fordæmum Hæstaréttar má ráða að upphaf frests miðist ekki sjálfkrafa við tiltekna atburði, svo sem þegar tjónþoli undirgengst aðgerð eða við stöðugleikatímamark, heldur þurfi að horfa til þess hvenær sá, sem orðið hefur fyrir tjóni, hafi raunverulega gert sér grein fyrir að það hefði varanlegar afleiðingar fyrir hann sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 10/2015. Sama meginregla verður einnig dregin af dómi Hæstaréttar í máli nr. 7/2009 og dómi Landsréttar í máli nr. 813/2019.

Af lækisfræðilegum gögnum verður ráðið að M fór í röntgenmyndatöku af hægri ökkla 15. ágúst 2022. Þá er eftirfarandi skráð í tengslum við komu M til lækis 5. september 2022: „b) hægri ökkli, neðan malleolus lateralis. Sneri sig á fellinguna í stétt við sundlaug fyrir 6 vikum síðan. Enn aum og bólgin neðan við malleolus lateralis. Við skoðun fyrst og fremst verkur við innrotation (þ.e.a.s. myndast tog á liðbönd neðan við mall. Lateralis). En ekki við útrotation né annað álag á millifötarbein, calcaneus/malleoll/talus/önnur fótrotabein. Klassísk tognun, almennt ráðl. Um gradual onset training fyrst 6 vikur frá atburði. Aftur pn.“ Þessu til viðbótar liggur fyrir að M kom einnig til lækis vegna afleiðinga slyssins 6. febrúar 2024. Þá er eftirfarandi skráð í sjúkaskrá: „She states she has had sprained her ankle on august 2022, she took x-ray which didn't show any fracture and she states that after some rest and ice it got better but now it's getting worse again. No recent trauma or accidents. She has a slightly swollen left ankle at the level of the lateral talus. She has a good range of movement but pain is present on palpation. She is not limping and has a normal gait. No inflammation present nor redness or warmth.“ Í málinu liggja ekki fyrir önnur lækisfræðileg gögn um slysið og afleiðingar þess.

Af þeim takmörkuðu lækisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir í málinu telur nefndin þó að draga megi þær ályktanir að M hafi fyrst eftir komuna til lækis 5. september 2022 haft ástæðu til að ætla að einkenni hennar myndu ganga til baka. Hér bendir nefndin sérstaklega á að lækirinn greindi einkennin sem hefðbundna tognun. Þá benda gögn málsins ekki til þess að M hafi verið ráðlagt að fara í sjúkrapjálfun í framhaldi af þessari lækisheimsókn. Nefndin telur því að M hafi ekki haft ástæðu á þeim tíma til að tilkynna atburðinn til V. Þrátt fyrir þetta er á því byggt í málskoti að M hafi fundið fyrir einkennum frá slysdegi og að þau hafi svo farið versnandi áður en hún leitaði til lækis 6. febrúar 2024. Hér kemur beinlínis fram að M hafi ekki batnað, eins og í upphafi var gert ráð fyrir, heldur fundið fyrir einkennum í þetta tæplega 1,5 ár sem leið á milli framangreindra tveggja lækisheimsókna. Nefndin telur því að M hafi talsvert fyrir lækisheimsóknina 6. febrúar 2024 átt að gera sér grein fyrir því að afleiðingar slyssins kynnu að verða varanlegar og því haft ástæðu til að tilkynna V um slysaatburðinn. Þegar þetta er haft í huga og horft til þess að V var ekki tilkynnt um slysið fyrr en 25. nóvember 2024 hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu að sú tilkynning hafi ekki borist innan þess frests sem 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga mælir fyrir um. Verður því að miða við að umræddur tilkynningarfrestur hafi verið liðinn þegar M tilkynnti V um tjón sitt.

Niðurstaða.

Ársfrestur samkvæmt 1. mgr. 124. gr. váttryggingarsamningalaga nr. 30/2004 var liðinn er V fengu tilkynningu um tjón M.

Reykjavík, 22. september 2025
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir